

Nr. 026 / 13 Hrafn GK 111***Skipverji slasast í andliti***

Skipaskr.nr. 1628 IMO .nr. 8116776
Smíðaður: Akureyri 1983 stál
Stærð: 680,34 brl 1067 bt.
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m
Vél: Wichmann 1472 kW 1982
Fjöldi skipverja: 26



Hrafn ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 27. september 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. mars 2013 var Hrafn GK 111 að togveiðum í Reykjafjarðará. Veður S 10-12 m/sek

Skipverjar unnu á trollþilfari við að skipta um grandara á stjórnborðs grandaravindum. Vírinn var stífur og snurður vildu hlaupa á hann svo þeir sem stóðu að verkinu þurftu að losa um spennuna sem kom á vírinn. Ein bugtin á vírnum slóst upp og lenti í andliti eins skipverja.

Við höggið brotnaði úr framtönnum slasaða.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.